



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

27. nóvember 2020

Mál nr. E-4047/2018:

Stefnandi: A

(Guðbjörg Benjamínsdóttir lögmaður)

Stefndi: B

(Haukur Örn Birgisson lögmaður)

Dómari: Arnaldur Hjartarson héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 27. nóvember 2020 í máli nr. E-4047/2018:

A

(Guðbjörg Benjamínsdóttir lögmaður)

gegn

B

(Haukur Örn Birgisson lögmaður)

Mál þetta, sem var dómtekið 2. nóvember sl., var höfðað 29. nóvember 2018.

Stefnandi er A, [..., ...].

Stefndi er B, [..., ...].

Stefnandi krefst þess í fyrsta lagi að stefndi greiði stefnanda 14.965.848 krónur með 4,5% vöxtum af 2.466.071 krónu frá 12. maí 2015 til 15. maí 2016, en af 12.735.348 krónum frá þeim degi til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 14.965.848 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Í öðru lagi krefst stefnandi þess að stefndi greiði stefnanda 2.500.000 krónur, með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 12. maí 2015 til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu en til vara verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar.

I

Málsaðilar hófu sambúð árið 2014. Bæði áttu þau börn úr fyrri samböndum. Hinn 12. maí 2015 kom stefnandi heim að kvöldi dags eftir skemmtun. Í kjölfar ágreinings milli aðila lýsti stefnandi því yfir að hún hygðist flytja út og binda þar með enda á sambandið. Óumdeilt er að málsaðilar rifust mikið en aðila greinir á um hvað átti sér stað í kjölfarið. Stefnandi heldur því fram að stefndi hafi beitt sig grófu ofbeldi og ítrekað meinað henni útgöngu af heimilinu. Stefndi viðurkennir að rifrildið hafi vissulega magnast og að á tímabili hafi málsaðilar haldið í hvort annað og dottið bæði í gólfið einu sinni. Þau kunni að hafa togast aðeins á en aldrei hafi verið um líkamlegt ofbeldi að ræða, heldur rifrildi sem farið hafi úr böndunum.

Að morgni 13. maí 2015 yfirgaf stefnandi heimilið, hélt til móður sinnar sem hafði samband við eina af systur stefnanda. Systirin hafði síðan samband við lögreglu sem handtók stefnda í kjölfarið.

Í læknisvottorði C, dags. 22. maí 2015, kemur fram að stefnandi hafi komið á bráðamóttöku Landspítala 13. sama mánaðar og lýst því að hafa orðið fyrir líkamsárás kærasta síns. Greiningar eru eftirfarandi: „Margir yfirborðsáverkar, tognun og ofreynsla á háls hrygg, tognun og ofreynsla í baki, tognun og ofreynsla í mjöð og áverki á hljóðhimnu.“ Í umfjöllun um skoðun á stefnanda segir að hún hafi verið gráti nær við skoðunina. Í fyrsta lagi hafi stefnandi verið aum í hársverði og laust hár sjáist, meðal annars undir fötum. Í öðru lagi sé hún aum aftan á hálsi beggja vegna eftir hnykki og tog. Þá sé hún með fimm litla marbletti hægra megin ofarlega á hálsi og tvo bletti vinstra megin á hálsi. Þeir líkist því sem stundum sjáist eftir fingur sem hertir hafi verið að hálsi. Í þriðja lagi sé hún með mar á hægri eyrnasnepli og aum viðkomu við eyru, en eitt af því sem hún hafi nefnt sé að slegið hafi verið flötum lófa á bæði eyrun samtímis. Blæðing sé inni í vinstri hljóðhimnu sem gæti samræmst því að slegið hafi verið á eyrað. Í fjórða lagi sé stefnandi með grunna rispu á vinstra kinnbeini og mar þar í kring. Hún sé aum í kjálkavöðvum aftan við og niður á þessu svæði. Í fimmta lagi sé hún með marbletti á báðum handleggjum. Þetta eigi við um fram- og upphandleggi. Sömuleiðis sé þyrping af marblettum við vinstri olnboga og séu þeir bláir að lit, þ.e.a.s. nýir eða nýlegir. Í sjötta lagi sé hún aum í brjóstakassa. Þá sé hún aum um bæði herðablöð og yfir brún vinstra herðablaðs sé dreift marsvæði. Í sjöunda lagi sé hún með rispu yfir „sacrum“. Hún sé aum í vöðvum þar út frá yfir efri brún mjaðmagrindar beggja vegna hryggjar. Í áttunda lagi sé hún með rispu og mar hliðlægt á hægri mjöðm og eymsli þar við. Hún sé aum í vöðvum víða, bæði um bak, upp með hryggjarlengjunni frá spjaldhrygg og mest upp um herðablöð. Einnig séu eymsli aftan um háls og niður á mjaðmagrind. Þá sé hún víða aum í vöðvum í handleggjum og um mjaðmir. Fram kemur að gerð hafi verið beiðni um áfallahjálp fyrir stefnanda.

Skýrsla var tekin af stefnanda hjá lögreglu 13. maí 2015 og liggur endurrit hennar fyrir í gögnum málsins. Þar er meðal annars haft eftir stefnanda að stefndi hafi slengt höfði hennar í dyrakarm, rifið í hár hennar, dregið hana á hárinu eftir gólfinu, hrækt ítrekað framan í hana, tekið utan um eyrun á henni og lamið höfði hennar í stól sem hún hafi setið í, ítrekað varnað henni útgöngu af heimilinu og ógnað henni með borvél og regnhlíf.

Í gögnum málsins sem lögregla aflaði við rannsókn sakamáls og tengjast meintum verknaði stefnda er að finna ljósmyndir af stefnanda frá 13. maí 2015.

Skýrsla var tekin af stefnanda á nýjan leik hjá lögreglu 26. maí 2015. Við það tækifæri var haft eftir stefnanda að atvik hefðu verið með þeim hætti sem hún hefði lýst í síðustu skýrslutöku. Aftur á móti vildi hún ekki að málið færi lengra þar sem hún vildi frið og hætta að hugsa um þetta. Hún vildi því ekki kæra málið. Ekki væri um neina varanlega áverka að ræða á sér.

Með bréfi, dags. 30. júní 2015, upplýsti lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu stefnda um að rannsókn málsins væri felld niður.

Stefnandi leitaði aftur til lögreglu 22. júlí 2015 og krafðist þess að málinu yrði haldið til streitu. Með bréfi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 17. september 2015, var stefndi upplýstur um að rannsókn á málinu yrði tekin upp á nýjan leik.

Með ákæru, dags. 7. mars 2017, var stefnda gefin að sök líkamsárás gagnvart stefnanda og var háttsemin færð undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þar var því haldið fram að stefndi hefði ráðist með ofbeldi á stefnanda aðfaranótt 13. maí 2015, ýtt höfði hennar á hurðarkarm, rífið í hár hennar og dregið hana á hárinu eftir gólfinu inn á skrifstofu hússins þar sem hann hefði sagt henni að setjast í stól, ýtt stólnum þannig að stefnandi hefði fallið í gólfið, hrækt ítrekað í andlit hennar, slegið hana í andlit, tekið um eyru hennar og lamið höfði hennar ítrekað í stólbakið, potað fast með fingrum í bringu og háls hennar, allt með þeim afleiðingum að hún hefði hlotið eymsli víða í hársverði, eymsli aftan á hálsi beggja vegna, fimm litla marbletti hægra megin ofarlega á hálsi og tvo marbletti vinstra megin á hálsi sem hefðu verið 1 til 1,5 cm í þvermál, mar á hægra eyrnasnepli og blæðingu í vinstri hljóðhimnu, grunna rispu á vinstra kinnbeini og mar þar í kring, marbletti á handleggi, eymsli í brjóstakassa og um bæði herðablöð, mar yfir brún vinstra herðablaðs, rispu aftanvert yfir spjaldbein, rispu og mar hliðlægt á hægri mjöðm og eymsli þar við. Í ákæru var tekin upp einkaréttarkrafa stefnanda um miskabætur úr hendi stefnda að fjárhæð 2.500.000 krónur.

Fyrir liggur vottorð D sálfræðings, dags. 9. apríl 2017, þar sem fjallað er um sálræn einkenni stefnanda allt frá 5. júní 2015 til 3. apríl 2017, en fram kemur að sálfræðingurinn hafi hitt stefnanda 38 sinnum á því tímabili.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 24. maí 2017 var ákæru á hendur stefnda vísað frá dómi þar sem ekki voru talin fyrir hendi lagaskilyrði til að taka rannsókn málsins upp á nýjan leik eftir að stefnda hefði verið tilkynnt að rannsókn málsins hefði verið hætt. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar sem vísaði málinu frá réttinum 1. júní 2017 þar sem kæra hefði ekki borist héraðsdómi innan kærufrests.

Fyrir liggur skýrsla D sálfræðings, dags. 19. júlí 2018, þar sem fjallað er um sálfræðimeðferð stefnanda. Fram kemur að sálfræðingurinn hafi hitt stefnanda alls 50 sinnum á tímabilinu 5. júní 2015 til 28. maí 2018. Meint árás og viðbrögð stefnanda við henni uppfylli fyrsta viðmið til greiningar á áfallastreituröskun. Ótti um eigið öryggi sem og öryggi barna stefnanda hafi verið viðvarandi mestan hluta meðferðartímabilsins. Auk framangreindra einkenna hafi stefnandi einnig greint frá verulegum þunglyndis- og kvíðaeinkennum á meðferðartímabilinu. Niðurstaða greiningarmats er sögð sú að stefnandi hafi uppfyllt öll greiningarskilmerki

áfallastreituröskunar vegna meints ofbeldis í maí 2015, auk kvíða og þunglyndis. Líðan stefnanda hafi batnað verulega á meðferðartímabilinu og uppfylli hún ekki lengur greiningarskilmerki áfallastreituröskunar þó að hamlandi áfallaeinkenni og kvíði séu enn til staðar. Ekki sé enn unnt að segja til um það með vissu hvort varanlegur bati hafi náðst en þar sem stefnandi greini enn frá töluverðum ótta og vanlíðan tengdri ofbeldinu þá sé áframhaldandi meðferð fyrirhuguð.

Í málinu liggur fyrir matsgerð E, embættis- og geðlæknis, dags. 4. nóvember 2018, sem stefnandi aflaði einhliða utan réttar. Í upphafi matsgerðarinnar kemur fram að hún sé unnin á grundvelli beiðni vegna líkamsárásar sem stefnandi hafi orðið fyrir 12. maí 2015. Niðurstaða matsgerðarinnar er sú að stöðugleikapunktur hafi verið 15. maí 2015. Hvað varði sjúkrakostnað og fjártjón til framtíðar þá sé ljóst að stefnandi hafi sótt einstaklingsbundna sálfræðimeðferð 50 sinnum á tímabilinu 5. júní 2015 til 28. maí 2018. Ljóst sé að stefnandi muni þurfa að halda áfram slíkri meðferð eða sambærilegri meðferð um ókomin ár, en þó þannig að fjöldi skipta muni á hverju ári fara fækkandi. Gera megi ráð fyrir því að þau verði að meðaltali fjögur á ári til framtíðar. Fram kemur að ekki hafi verið um að ræða tímabundið atvinnutjón. Hvað varði þjáningatímabil teljist stefnandi hafa verið veik, en án rúmlegu, frá 15. maí 2015 til 1. október 2015. Varanlegur miski nemi 20 stigum en varanleg örorka 10%.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómi auk aðila þau F, móðir stefnanda, G, systir stefnanda, og D sálfræðingur.

II

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi með alvarlegri líkamsárás valdið henni bótaskyldu tjóni en háttsemi stefnda hafi bæði verið saknæm og ólögmat. Byggist krafa hennar um greiðslu miskabóta á a- og b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Þá byggji stefnandi jafnframt á óskráðum meginreglum skaðabótaréttar um greiðslu bóta vegna ólögmatrar og saknæmrar háttsemi en skaðabótakrafa hennar byggist að öðru leyti á 1. til 7. gr. laga nr. 50/1993.

Stefnandi glími við mikil sálræn einkenni vegna árásarinnar. Um þetta vísi stefnandi til fyrirliggjandi vottorðs fyrrnefnds sálfræðings.

Afleiðingar ofbeldisins hafi verið metnar af E, sbr. matsgerð dags. 4. nóvember 2018, og séu niðurstöður matsgerðarinnar eftirfarandi:

- Stöðugleikapunktur: 15. maí 2016.
- Sjúkrakostnaður og fjártjón til framtíðar, sbr. 1. gr. skbl.: Að meðalt. 4 skipti í sálfræðimeðferð á ári.

- Þjáningatímabil, sbr. 3. gr. skbl.: Veik án rúmlegu frá 15.5.2015 til 1.10.2015
- Varanlegur miski, sbr. 4. gr. skbl.: 20 stig
- Varanleg örorka, sbr. 5.-7. gr. skbl.: 10%

Í matsgerðinni sé nánar tiltekið að stefnandi hafi við líkamsárásina upplifað sig í mikilli lífshættu og að hún hafi glímt við verulega fælni, kvíða, viðbrigðni, martraðir, depurð og aðra þætti áfallastreituröskunar eftir árásina.

Það sé því ljóst að stefnandi hafi orðið fyrir umfangsmiklu tjóni vegna árásarinnar sem stefnda beri að bæta. Árás stefnda á stefnanda hafi verið fólkskuleg og gróf, enda hafi stefnandi meðal annars verið dregin á hárinu og fótum um íbúðina, höfði hennar slengt ítrekað utan í vegg og í gólf, stefnandi hafi verið slegin margsinnis og potað harkalega í líkama hennar með fingrum. Lífi og limum stefnanda hafi verið gróflega ógnað með borvél og regnhlíf. Auk þess hafi stefndi niðurlægt hana með því að hrækja í andlit hennar og hár. Þá hafi hún verið afar hrædd um líf sitt og limi, enda hefði stefndi viðhaft grófar ofbeldishótanir gagnvart henni og meinað henni útgöngu. Brotið sé sérstaklega alvarlegt þar sem það hafi verið framið innan veggja heimilis þeirra á meðan börn þeirra beggja voru sofandi á heimilinu, en heimili eigi að vera griðastaður fjölskyldu þar sem traust sé ríkjandi. Stefndi hafi enga iðrun sýnt og hafi jafnframt gert lítið úr ótta stefnanda um líf sitt á meðan á árásinni stóð. Framganga stefnda gegn stefnanda hafi því verið sérstaklega alvarleg og ámælisverð.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar með eftirfarandi hætti:

1. **Bætur skv. 1. gr. skbl.:** 2.230.500 kr.
Kostnaður vegna sálfræðimeðferðar frá 5.6.2015-28.05.2018: 550.500 kr.
- Framtíðarkostnaður skv. matsgerð:
Að meðaltali 4 skipti á ári, metið að álitum:
(14.000 x 4) x 30 = 1.680.000 kr.
2. **Bætur skv. 3. gr. skbl.:**
139 x (700 x (9020/3282)) kr. 267.412,-
3. **Bætur skv. 4. gr. skbl.:**
4.000.000 x (9020/3282) x 20% kr. 2.198.659,-
4. **Bætur skv. 5. - 7. gr. skbl.:**

2012: $(6.511.610 \times 1,08) \times (573,1/433,5) = 9.297.227$

2013: $(6.614.946 \times 1,08) \times (573,1/457,5) = 8.949.306$

2014: $(6.920.495 \times 1,08) \times (573,1/484,7) = \underline{8.837.274}$

27.083.807

9.027.936 x 11,375 x 10%

kr. 10.269.277,-

5. **Bætur skv. 26. gr. skbl.:**

kr. 2.500.000,-

a- og b-liður 1. mgr. 26. gr.

Kröfugerð stefnanda miðist fyrst og fremst við fyrrnefnda matsgerð E. Tekið sé mið af lögum nr. 50/1993 eins og þau hafi staðið á þeim degi er líkamsárásin hafi átt sér stað.

Krafa stefnanda um bætur vegna sjúkrakostnaðar og annars fjártjóns byggist á 1. gr. laga nr. 50/1993. Byggist útreikningur á niðurstöðu matsgerðar um það að stefnandi hafi sótt alls 50 sálfræðiviðtöl á tímabilinu frá 5. júní 2015 til 28. maí 2018. Ljóst sé að stefnandi muni þurfa að halda áfram í sambærilegri meðferð og sé áætlað að hún þurfi að meðaltali að sækja fjögur viðtöl á ári til framtíðar. Reiknað sé með fjórum skiptum á ári í 30 ár.

Krafa stefnanda um þjáningabætur byggist á 3. gr. laga nr. 50/1993. Þjáningabæturnar séu reiknaðar með hliðsjón af matsgerðinni. Samkvæmt því reiknist þjáningabætur í alls 139 daga. Fjárhæðir séu síðan uppfærðar miðað við lánskjaravísitölu í nóvember 2018, sbr. 15. gr. laganna.

Krafa stefnanda um bætur vegna varanlegs miska byggist á 4. gr. laga nr. 50/1993 og áðurgreindu mati um 20 stiga varanlegan miska. Fjárhæð bótanna taki mið af grunnfjárhæðinni 4.000.000 krónur, uppfærðri miðað við lánskjaravísitölu í nóvember 2018, sbr. 15. gr. laganna.

Krafa um bætur vegna varanlegrar örorku taki einnig mið af framangreindri matsgerð og 5. til 7. gr. laga nr. 50/1993. Varanleg örorka hafi verið talin hæfilega metin 10% og miðist kröfugerð stefnanda við þá niðurstöðu. Við útreikning bóta sé tekið mið af aldursstuðlinum 11,375 samkvæmt lögnum. Þá hafi verið tekið mið af meðaltekjum stefnanda síðustu þrjú almanaksár fyrir líkamsárásina í samræmi við 1. mgr. 7. gr. laganna.

Loks sé gerð krafa um miskabætur samkvæmt a- og b-lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993 að fjárhæð 2.500.000 krónur. Á því sé byggt að stefndi hafi af ásetningi valdið stefnanda líkamstjóni í skilningi a-liðar 1. mgr. auk þess sem árásin hafi falið í sér ólögmdæta meingerð gegn frelsi, friði, æru og persónu stefnanda í skilningi b-liðar 1. mgr.

Kröfugerðin sé í tvennu lagi þar sem um sé að ræða mismunandi vaxtaútreikning, þ.e. annars vegar vexti samkvæmt 16. gr. laga nr. 50/1993 og hins vegar vexti samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001.

Um lagarök sé einkum vísað til laga nr. 50/1993, einkum 1. gr. til 7. gr. og 26. gr. laganna, og óskráðra meginreglna skaðabótaréttar.

III

Stefndi kveðst byggja sýknukröfu sína á því hann hafi ekki hagað sér með sagnæmum og ólögum hætti. Tjón stefnanda sé ósannað og hafi stefnanda ekki tekist að sanna að orsakatengsl séu á milli hinnar meintu ólögmetu háttsemi og hins meinta tjóns. Öllum kröfum, málsástæðum og lagarökum stefnanda sé mótmælt.

Mál stefnanda byggji á því að stefndi hafi valdið henni tjóni með líkamsárás þann 12. maí 2015, en því sé harðlega mótmælt sem röngu og ósönnuðu. Stefndi mótmæli því að stefnandi hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til samskipta aðila þann 12. maí 2015. Stefndi bendi á að í gögnum frá lögreglu komi fram yfirlýsing frá stefnanda um að hún sé ekki með neina varanlega áverka. Stefndi byggji á því að stefnandi sé bundin af þessari yfirlýsingu, enda sé hún gefin hjá lögreglu og hafi þannig sérstaklega ríkt sönnunargildi.

Stefndi mótmæli harðlega gildi þeirrar matsgerðar sem stefnandi hafi aflað einhliða og án alls samráðs við stefnda. Stefndi hafi ekki með neinu móti getað komið að sínum sjónarmiðum og athugasemdum, en ríkt tilefni hefði verið til þess, enda langt liðið frá hinu umþrætta atviki. Stefndi hefði því verið rétt að afla dómkvaðningar matsmanns í samræmi við ákvæði laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefndi byggji einnig á því að öflun matsgerðarinnar fari gegn meginreglum einkamálaréttarfars um jafnræði málsaðila. Loks telji stefndi að ef dómur yrði byggður á matsgerðinni væri það brot á stjórnarskrárvörðum rétti stefnda til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.

Stefndi byggji einnig á því að matsgerðin sé stórkostlega gölluð vegna nokkurra atriða. Sjúkraskrá stefnanda eða annars konar tæmandi upplýsingar um fyrra heilsufar hafi til dæmis ekki legið fyrir við gerð matsins. Matið byggist á einhliða lýsingu stefnanda á málsatvikum og skýrslum D sálfræðings. Þá liggi ekkert fyrir um fyrra heilsufar nema lýsing stefnanda sjálfrar. Augljóst sé að við hlutlaust mat á líkamstjóni verði ekki eingöngu stuðst við frásögn tjónþola og því gangi engan veginn upp að horfa til matsgerðarinnar. Ófært sé að byggja á skýrslu D sem fyrst hafi hitt stefnanda í júní, mánuði eftir meinta árás, og því sé ekki hægt að leggja til grundvallar að stefnandi hafi hlotið áfallastreituröskun í kjölfar meintrar árásar, enda liggi engin sönnun fyrir um það. Í læknisvottorði frá slysadeild sé stefnandi ekki metin með áfallastreituröskun. Þá komi fram í vottorði sálfræðingsins að „stefnandi uppfylli ekki

lengur greiningarskilmerki áfallastreituröskunar“. Stefndi byggir á því að þegar gögnin séu metin í heild sinni liggi hvorki fyrir sönnun um að stefnandi hafi hlotið áfallastreituröskun við hina meintu árás né að sú röskun hafi valdið varanlegum einkennum, eins og haldið sé fram í matsgerð. Loks sé bent á það að D sé fyrrverandi kærasta stefnda þannig að skýrsla hennar hafi afar takmarkað sönnunargildi í málinu.

Samkvæmt öllu framansögðu liggi ekki fyrir sönnun á líkamstjóni í málinu. Þar sem stefnandi hafi ekki aflað sér matsgerðar í samræmi við reglur laga nr. 91/1991 verði dómur ekki, gegn eindregnum mótmælum stefnda, byggður á þeirri matsgerð sem liggi fyrir, sbr. það sem að framan greini.

Jafnvel þótt talið yrði að stefnandi búi við varanlegt líkamstjón þá liggi ekki fyrir sönnun um að það tengist meintri líkamsárás með nokkrum hætti. Ekkert komi fram í matsgerð um orsakatengsl fyrir utan það að D sé sögð hafa greint stefnanda með áfallastreituröskun í júní 2015 sem stefnandi reki til meintrar líkamsárásar. Það að stefnandi telji hitt eða þetta tengjast heilsufari sínu í dag sé engin sönnun um það. Hún verði, eins og aðrir tjónþolar, að sanna að það tengist viðkomandi tjónsatviki. Það hafi stefnanda ekki tekist.

Ef talið yrði að stefndi hefði gengið of langt við að reyna að sannfæra stefnanda um að yfirgefa ekki heimilið umrætt kvöld þá sé byggt á því að háttsemin hafi réttlæst af neyðarrétti, þ.e. rétt hafi verið af stefnda, miðað við þær aðstæður sem uppi hafi verið, að reyna að sannfæra stefnanda um að yfirgefa ekki heimilið.

Hafi stefnandi einhvern tímann átt kröfu á hendur stefnda þá hafi hún fallið niður vegna tómlætis.

Varakrafa stefnda byggji á öllum sömu málsatvikum og málsástæðum og aðalkrafan, auk þess sem stefndi byggji á því að fjárhæð skaðabótakröfunnar í stefnu standist ekki og er farið yfir hvern lið fyrir sig hér að neðan.

Hvað varði kostnað vegna sálfræðimeðferðar að fjárhæð 550.000 krónur þá sé honum mótmælt. Yfirliti yfir reikninga sálfræðings sé mótmælt sem ósönnuðu.

Hvað varði framtíðarsjúkrakostnað þá vanti forsendur hjá matsmanni fyrir því að stefnandi þurfi til frambúðar að leita til sálfræðings.

Í matsgerð E sé rætt um þjáningatímabil frá 15. maí 2015 til 1. október 2015 og byggji hann það á áverkum sem lýst sé í áverkavottorði og „öðrum gögnum“. Í áverkavottorðinu sé ekkert fjallað um áfallastreituröskun og ekkert sem bendi til þess að stefnandi teljist veik í skilningi 3. gr. laga nr. 50/1993. Þá sé engum öðrum læknisfræðilegum gögnum til að dreifa og því sé mat E ekki byggt á hefðbundnum aðferðum. Engin leið sé þess vegna að fallast á að dæma stefnanda þjáningabætur í málinu.

Hvað varði bætur samkvæmt 4. gr. laga nr. 50/1993 þá ítreki stefndi mótmæli sín við því að matið verði lagt til grundvallar, enda vanti allar þær upplýsingar sem

nauðsynlegar séu til að meta meint líkamstjón stefnanda. Þá virðist ekki sem farið hafi verið eftir dönsku miskatöflunni í matinu, ólíkt því sem þar segi, því í henni komi fram að áfallastreituröskun sé yfirleitt tímabundin og að ef skilyrði hennar séu ekki lengur uppfyllt, eins og í tilfalli stefnanda, sé rétt að meta tjónið til 5 til 8 stiga. Fráleitt sé að meta stefnanda með 20 miskastig vegna meintrar áfallastreituröskunar sem greinist ekki lengur í tilfalli stefnanda.

Þegar varanleg örorka sé metin þurfi tekjuupplýsingar fyrir þrjú almanaksár fyrir tjónsatvik auk upplýsinga um tekjur eftir tjónsatvik. Engar upplýsingar hafi legið fyrir um tekjur stefnanda við gerð matsgerðarinnar. Þegar af þessari ástæðu verði niðurstaða um 10% varanlega örorku ekki lögð til grundvallar. Þá sé ekki nóg fyrir stefnanda að leggja fram staðgreiðsluyfirlit fyrir árin 2012 til 2014 heldur verði að leggja fram fullnægjandi upplýsingar yfir tekjur stefnanda til dagsins í dag. Reyndar komi fram í matsgerð að stefnandi hafi ekki orðið fyrir tekjutjóni vegna hinnar meintu líkamsárásar. Engu að síður sé þar talið að stefnandi hafi orðið fyrir 10% skerðingu á aflahæfi, án þess þó reyndar að nein gögn hafi legið fyrir um það við gerð matsgerðarinnar. Samkvæmt framansögðu liggi engin sönnun fyrir í málinu um að stefnandi búi við varanlega örorku vegna hins meinta tjónsatviks eða annarra atvika.

Miskabótakröfu sé mótmælt sem allt of hárrí. Ef svo ólíklega vildi til að dómurinn teldi hina meintu líkamsárás uppfylla skilyrði laga til að greiða miskabætur samkvæmt 26. gr. laga nr. 50/1993 séu bætur ekki dæmdar hærri en um það bil 250.000 krónur fyrir minni háttar líkamsárásir.

Þá sé einnig byggt á því að beita eigi hinni almennu lækunarreglu 24. gr. laga nr. 50/1993. Það yrði stefnda án efa ofviða fjárhagslega að vera dæmdur til að greiða stefnanda milljónir króna vegna hinnar meintu líkamsárásar. Telji dómurinn stefnanda eiga rétt á bótum yfirhöfuð úr höndum stefnda, yrði rétt að lækka bótafjárhæðina eða fella hana niður þar sem bótaskyldan yrði stefnda svo þungbær.

Stefnandi eigi sjálf sök á þeim deilum sem aðilar áttu í þann 12. maí 2015 og því eigi að fella niður allan bótarétt hennar eða að minnsta kosti skerða hann verulega.

Loks sé öllum vaxtakröfum stefnanda mótmælt.

Um lagarök sé meðal annars vísað til laga nr. 91/1991, laga nr. 50/1993 og meginreglna kröfu- og skaðabótaréttar.

IV

Stefnandi höfðar mál þetta til heimtu skaðabóta úr hendi stefnda. Með fyrri kröfu sinni fer stefnandi fram á 14.965.848 krónur með nánar tilgreindum vöxtum úr hendi stefnda vegna sjúkrakostnaðar og annars fjártjóns, þjáningabóta, bóta vegna varanlegs miska og bóta vegna varanlegrar örorku, sbr. 1. til 7. gr. laga nr. 50/1993.

Með síðari kröfu sinni fer stefnandi fram á miskabætur úr hendi stefnda, sbr. 26. gr. laga nr. 50/1993.

Stefndi byggir á því að stefnandi hafi sýnt af sér slíkt tómlæti að jafnvel þótt hún teldist hafa átt kröfur á hendur stefnda þá væru þær fallnar niður. Að mati dómsins verður að hafna þessum málatilbúnaði stefnda, en nokkur dráttur sem varð á málshöfðun af hálfu stefnanda virðist fyrst og fremst tilkominn af því að hún beið niðurstöðu í sakamáli sem höfðað var gegn stefnda. Eins og áður segir lá niðurstaða Hæstaréttar í þeim efnum fyrir 1. júní 2017. Er því ekki unnt að álykta sem svo að kröfur stefnanda teljist fallnar niður fyrir tómlæti.

Ágreiningslaust er að málsaðilar áttu í rifrildi síðla kvölds 12. maí 2015 á heimili þeirra. Að öðru leyti greinir þau verulega á um hvað átti sér stað umrætt sinn. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi ráðist á hana með grófu ofbeldi og meinað henni ítrekað útgöngu af heimili þeirra. Stefnandi heldur því aftur á móti fram að um rifrildi hafi verið að ræða sem farið hafi úr böndunum. Þvertokur hann fyrir að hafa beitt stefnanda ofbeldi á þann hátt sem hún lýsir, enda þótt hann hafi lýst því fyrir dómi að hann gæti gengist við hluta af því sem stefnandi héldi fram, eins og nánar er rakið hér á eftir.

Fyrir dómi lýsti stefnandi því að aðdragandinn að árás stefnda hefði verið athugasemd hennar við að stefndi hefði farið með dóttur sína í ökuferð á ótryggðu mótorhjólí. Stefnandi hefði þá sakað stefnanda um afbrýðisemi. Stefnandi hefði brugðist illa við og sótt poka til að pakka niður. Hún hefði otað fingri að stefnda sem hefði brugðist við með því að „negla“ höfði hennar utan í hurðarkarm. Í kjölfarið hefði stefndi beitt hana ofbeldi sem haldið hafi áfram inn í nóttina. Stefnandi hefði til dæmis haldið utan um eyru stefnanda og „dúndrað“ höfði hennar í stólbak. Stóllinn hefði að lokum fallið aftur á bak, en stefndi hefði haldið háttseminni áfram. Hún hefði reynt að hlaupa burt en án árangurs. Stefnandi hefði tekið upp borvél og haldið í vinstri fót stefnanda til að sýna henni hvað hann gæti gert henni með vélinni. Stefnandi hefði grátbeðið stefnda að hætta þessu. Stefnandi hefði hrækt ítrekað framan í stefnanda. Stefnandi hefði ógnað henni með líkamlegum tilburðum. Stefnandi hefði ætlað að reyna að komast út úr húsinu en síðar til barnanna sem sváfu á heimilinu. Stefnandi hefði varnað henni útgöngu og hent henni út í horn. Þá hefði hann tekið upp regnhlíf og hóttað henni. Stefnandi hefði einnig dregið hana á hárinu. Stefnandi hefði að lokum náð að róa stefnda. Þegar hún hefði gengið til hvílu hefði hún ákveðið að sækja dóttur stefnda og hafa hana í rúminu hjá sér í þeirri von að stefndi myndi þá ekki meiða sig í framhaldinu. Að morgni næsta dags hefði stefnandi farið af heimilinu með syni sína til móður sinnar.

Það tók sýnilega á stefnanda að rifja upp fyrrgreind atvik. Virtist hún einlæg í framburði sínum og telst hann trúverðugur. Staðhæfingar stefnanda um háttsemi

stefnda fá auk þess verulega stoð í fyrirbyggjandi áverkavottorði sem ritað var af C lækni í kjölfar skoðunar á stefnanda 13. maí 2015. Efni vottorðsins er rakið í heild sinni hér að framan. Þar er greint frá fjölmörgum áverkum á stefnanda morguninn eftir meint atvik. Kemur þar meðal annars fram að stefnandi hafi verið með fimm litla marbletti hægra megin ofarlega á hálsi og tvo bletti vinstra megin á hálsi. Þeir hafi líkst því sem stundum sjáist eftir fingur sem hertir hafi verið að hálsi. Þá hafi hún verið með mar á hægri eyrnasnepli og verið aum viðkomu við eyru, en eitt af því sem hún hafi nefnt við læknisskoðun sé að slegið hefði verið flötum lófa á bæði eyrun samtímis. Blæðing hafi verið inni í vinstri hljóðhimnu sem gæti samræmst því að slegið hafi verið á eyrað. Þá hafi verið þyrping af nýjum eða nýlegum marblettum við vinstri olnboga. Einnig hafi stefandi verið aum í hársverði og laust hár hafi meðal annars sést undir fötum. Enda þótt lækniinn sem vottorðið ritaði hafi ekki verið kallaður fyrir dóm til skýrslugjafar þá upplýsti lögmaður stefnda fyrir dómi að stefndi vefengdi ekki að vottorðið hefði verið unnið af umræddum lækni. Aftur á móti teldi stefndi að áverkum sem þar væri lýst hefði hvorki verið valdið af honum né hefðu þeir komið til á þessum tíma, þ.e. þegar málsaðilar voru saman umrætt kvöld. Hvað þetta varðar þá verður ekki fram hjá því litið að mati dómsins að málsaðilar áttu í heiftugu rifrildi kvöldið fyrir læknisskoðunina og vörðu nóttinni saman í kjölfarið. Engar raunhæfar skýringar hafa komið fram á hinum margþættu áverkum stefnanda sem bent gætu til þess að einhver annar hafi átt þar hlut að máli en stefndi. Þá liggja fyrir ljósmyndir af stefnanda úr gögnum lögreglu sem sýna ýmsa áverka á stefnanda og koma þeir heim og saman við frásögn hennar og fyrrgreint læknisvottorð. Auk þess fær framburður stefnanda stoð í framburði móður og systur stefnanda fyrir dómi, en þær hittu hana morguninn eftir atvikið og báru meðal annars um að hún hefði verið illa leikin og í áfalli. Stefnandi hefði einnig greint þeim frá ofbeldi af hálfu stefnda. Framburður stefnanda fær loks stoð í skýrslu D sálfræðings, dags. 19. júlí 2018, en skýrsluna staðfesti hún fyrir dómi. Þar kemur meðal annars fram að í fyrsta viðtali stefnanda hjá vitninu 5. júní 2015 hafi stefnandi tjáð vitninu að stefndi hefði ráðist á sig umrætt kvöld. Fær lýsing atvika í vottorðinu vel samræmst lýsingu stefnanda á málsatvikum í stefnu og fyrir dómi. Í skýrslu sinni fyrir dómi hafnaði vitnið alfarið því sem haldið er fram í greinargerð stefnda um að vitnið og stefndi hefðu eitt sinn verið kærustupar á yngri árum. Telst sú staðhæfing ósönnuð og liggur ekkert fyrir sem gefur tilefni til að draga óhlutdrægni vitnisins í efa.

Þá hefur stefndi viðurkennt fyrir dómi að rifrildi hans og stefnanda umrætt kvöld hafi farið úr böndunum. Þannig lýsti hann því fyrir dómi að hann gæti gengist við hluta af því sem stefnandi héldi fram en öðru væri hann algjörlega ósammála. Nefndi hann að þau hefðu fallið saman í gólfið eitt sinn þetta kvöld. Þá hefðu þau verið að „kítast“ eitthvað við hurðargat á skrifstofuherbergi. Stefnandi viðurkenndi

einnig að hafa tekið borvél upp af gólfinu meðan á rifrildi þeirra stóð, en það hefði verið eftir að hún datt niður úr gluggakistu ásamt öðrum hlutum sem brotnuðu. Stefndi hefði æst sig eftir að hlutirnir brotnuðu. Hann hefði öskrað á stefnanda. Hann þvertók þó fyrir að hafa ógnað henni með borvélinni. Sagði hann þó að þau hefðu togast á og ýtt hvort öðru á tímabili umrætt kvöld. Viðurkenndi hann að hafa hrækt á hana. Þá hefði hann haldið um hendur hennar, lyft henni upp, haldið á henni inn á skrifstofu og sett þar niður í stól. Hann hefði varnað því að hún gæti staðið upp og farið. Þá styður framburður stefnda fyrir dómi að öðru leyti ákveðna þætti í frásögn stefnanda, svo sem af því að hún hafi síðar um nóttina ákveðið að sækja dóttur stefnda þegar hún fór að sofa umrædda nótt. Hvað þetta varðaði þá lýsti stefndi því fyrir dómi að honum hefði þótt undarlegt þegar hann gekk til náða umrædda nótt að sjá dóttur sína í rúmi hans og stefnanda. Stefnandi lýsti því fyrir dómi, eins og áður segir, að hún hefði sótt dóttur stefnda vegna ótta við stefnda þar sem hún taldi ólíklegra að hann myndi halda áfram að beita hana ofbeldi ef dóttir hans væri á staðnum. Loks lýsti stefndi því fyrir dómi að stefnandi hefði síðan verið farin ásamt sonum hennar þegar stefndi vaknaði morguninn eftir.

Að öllu framangreindu virtu telst sannað að stefndi hafi lagt hendur á stefnanda umrætt kvöld í samræmi við málaltilbúnað hennar. Hróflar það ekki við þessari niðurstöðu þótt fyrir liggi að aðilar hafi átt í samskiptum í nokkrar vikur eftir meint atvik og reynt að bæta samband sitt. Þá ber að mati dómsins að hafna þeirri málsástæðu stefnda að einhvers konar neyðarréttur hafi réttlætt háttsemi hans umrætt sinn. Auk þess eru ekki efni til að verða við kröfu stefnda um lækkun bóta í málinu með vísan til 24. gr. laga nr. 50/1993. Einnig ber að hafna því að líta eigi svo á að skerða beri bótarétt stefnanda vegna meintrar eigin sakar hennar.

Stefnandi setur tvær dómkröfur fram á hendur stefnda. Sú síðari er miskabótakrafa. Með framangreindri háttsemi hefur stefndi bakað sér bótaábyrgð gagnvart stefnanda á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993. Háttsemi stefnda var fólkskuleg og stóð nokkuð lengi yfir á sameiginlegu heimili þeirra sem átti að vera griðastaður stefnanda. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 800.000 krónur. Eins og hér háttar til er ekki ástæða til að beita a-lið 1. mgr. 26. gr. samhliða b-lið 1. mgr. 26. gr.

Eins og áður segir er fyrri dómkrafa stefnanda sú að stefndi greiði stefnanda tiltekna fjárhæð vegna sjúkrakostnaðar og annars fjártjóns, þjáningabóta, bóta vegna varanlegs miska og bóta vegna varanlegrar örorku, sbr. 1. til 7. gr. laga nr. 50/1993. Í stefnu er sjúkrakostnaður og annað fjártjón, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1993, sundurliðað í annars vegar útlagðan kostnað vegna sálfræðimeðferðar og hins vegar metinn sálfræðikostnað til framtíðar.

Hvað fjárhagslegt tjón stefnanda varðar þá liggja fyrir reikningar vegna sálfræðimeðferðar stefnanda hjá D sálfræðingi á tímabilinu 5. júní 2015 til 28. maí 2018 að fjárhæð 550.500 krónur. Með vísan til umræddra reikninga, fyrirbyggjandi skýrslu D og framburðar hennar fyrir dómi verður stefnda gert að greiða stefnanda þá fjárhæð, enda er hér um að ræða tjón sem rakið verður til saknæmrar og ólögmatrar háttsemi stefnda.

Stefnandi krefst þess einnig að fá bættan sálfræðikostnað til framtíðar og vísar í þeim efnum til fyrirbyggjandi matsgerðar E, embættis- og geðlæknis, sem aflað var utan réttar. Á sömu matsgerð reisir stefnandi einnig kröfur sínar um greiðslu þjáningabóta, bóta vegna varanlegs miska og bóta vegna varanlegrar örorku. Stefndi gerir verulegar athugasemdir við matsgerðina og það hvernig staðið var að öflun hennar. Við flutning málsins var lögmonnum gefinn kostur á að reifa sjónarmið um hugsanlega sjálfkrafa frávísun á kröfum stefnanda að því marki sem þær væru reistar á þessari matsgerð. Byggði lögmaður stefnda á því að ótækt væri að leggja matsgerðina til grundvallar við úrlausn málsins og hér væri um vanreifun tjóns að ræða. Tefldi hann einnig fram efnislegum athugasemdum gegn matsgerðinni. Lögmaður stefnanda byggði aftur á móti á því að sá háttur sem hafður var á við öflun matsgerðarinnar ætti sér stoð í 10. gr. laga nr. 50/1993. Ekkert væri því til fyrirstöðu að byggja á matsgerðinni.

Stefnandi aflaði umræddrar matsgerðar einhliða utan réttar fyrir höfðun málsins. Þá veitti stefnandi stefnda ekki nokkurt færi á að gæta hagsmuna sinna við framkvæmd matsins, enda þótt fyrir lægi að verulegur ágreiningur væri uppi um málsatvik og þar með bótagrundvöll. Eitt og sér dregur þetta verulega úr sönnunargildi matsins. Að matinu stóð lækni sem hitti stefnanda einu sinni. Eins og lögmaður stefnanda staðfesti við flutning málsins lágu hvorki fyrir sjúkraskrá stefnanda né tekjusaga hennar þegar matsvinnan fór fram. Úr þeim annmarka telst stefnandi ekki hafa bætt með því að senda læknum hluta af tekjusögu stefnanda með tölvubrési eftir að mál þetta var höfðað. Fram hefur komið í málinu að haft er eftir stefnanda í sjúkraskrá að hún hafi á tímabili upplifað andlegt ofbeldi af hendi annars manns en stefnda. Ekkert er vikið að þessu í matsgerðinni og er því óljóst hvort og þá hvaða þýðingu slíkt kynni að hafa varðandi niðurstöður matsgerðarinnar, svo sem að því marki sem um samkynja atvik kynni að hafa verið að ræða. Þá er umfjöllun í matsgerðinni um fyrri örorku sem stefnandi mun hafa orðið fyrir vegna bifreiðaslyss afar knöpp og engar tölulegar upplýsingar koma þar fram. Þá liggur fyrir að lækniinn sem vann matið kom ekki fyrir dóm til að staðfesta matsgerðina eða svara spurningum um efni hennar. Fáeinum dögum fyrir aðalmeðferð skoraði lögmaður stefnanda á stefnda að leiða lækniinn fyrir dóm, en á því stigi hafði Landsréttur þegar fallist á það með stefnda að lækniinn yrði ekki leiddur fyrir dóm þar sem lækniinn hefði hvorki

annast stefnanda í þeim veikindum sem málsóknin væri reist á né hefði hann verið dómkvaddur sem matsmaður. Við þessar aðstæður verður stefndi ekki látinn bera hallann af því að umræddur læknir kom ekki fyrir dóm, enda fæli önnur niðurstaða í sér að réttur hans til að mótmæla skýrslugjöf fyrir dómi af hálfu sérfræðings, sem ekki hefur verið dómkvaddur sem matsmaður, yrði í reynd að engu hafður.

Heilt á litið leiða framangreind atriði til þess að slíkir formgallar teljast vera fyrir hendi hvað varðar aðdraganda og framkvæmd umrædds mats að ekki kemur til greina að leggja niðurstöður matsgerðarinnar til grundvallar við úrlausn málsins, sbr. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991. Eins og atvikum öllum er háttáð getur dómurinn því ekki fallist á það með stefnanda að líta beri svo á að matsgerðina beri einfaldlega að leggja til grundvallar á þeirri forsendu að stefndi hafi ekki sjálfur aflað matsgerðar dómkvaddra manna eða álits örorkunefndar í því skyni að hnekkja mati læknisins.

Að öllu framangreindu virtu verður ekki hjá því komist að vísa fyrri dómkröfu stefnanda af sjálfsdáðum frá dómi að því marki sem hún er reist á matsgerðinni, þ.e. varðandi sálfræðikostnað til framtíðar, þjáningabætur, bætur vegna varanlegs miska og bætur vegna varanlegrar örorku, enda liggja ekki fyrir næg gögn um þetta tjón stefnanda og telst málatilbúnaður hennar vanreifaður að þessu leyti, sbr. til nokkurrar hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 31. janúar 2008 í máli nr. 224/2007.

Eftir stendur að stefnda verður gert að greiða stefnanda miskabætur að fjárhæð 800.000 krónur og skaðabætur vegna kostnaðar af sálfræðimeðferð stefnanda á tímabilinu 5. júní 2015 til 28. maí 2018 að fjárhæð 550.500 krónur.

Í greinargerð stefnda var vaxtakröfum stefnanda mótmælt. Stefndi byggir kröfu sína um greiðslu útlagðs kostnaðar vegna sálfræðimeðferðar á 1. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1993. Kröfu um 4,5% vexti vegna kröfunnar byggir stefndi á 16. gr. laganna. Slíkur kostnaður fellur aftur á móti ekki undir 16. gr. laga nr. 50/1993, heldur að réttu lagi undir 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 12. maí 2010 í máli nr. 449/2009. Verða því vextir dæmdir samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá tjónsdegi, þ.e. frá 12. maí 2015, rétt eins og við á um miskabótakröfu stefnanda.

Stefndi krefst dráttarvaxta á báðar dómkröfur sínar frá þingfestingardegi. Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 skal ætíð heimilt að reikna dráttarvexti frá og með þeim degi er dómsmál er höfðað um kröfu, sbr. þó 9. gr. laganna, en í síðarnefnda ákvæðinu kemur fram að skaðabótakröfur skuli bera dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. að liðnum mánuði frá þeim degi er kröfuhafi sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta. Málið var þingfest 4. desember 2018 og bera kröfurnar því dráttarvexti frá 4. janúar 2019, en þá var liðinn mánuður frá þeim degi er stefndi lagði sannanlega fram þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta.

Í samræmi við framangreinda niðurstöðu og í ljósi þess að kröfugerð stefnanda er tvíþætt verður stefnda í fyrsta lagi gert að greiða stefnanda 550.500 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 12. maí 2015 til 4. janúar 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Í öðru lagi verður stefnda gert að greiða stefnanda 800.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 12. maí 2015 til 4. janúar 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Með hliðsjón af þessum málsúrslitum, og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 1.350.000 kr., að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnanda flutti málið Guðbjörg Benjamínsdóttir lögmaður.

Af hálfu stefnda flutti málið Haukur Örn Birgisson lögmaður.

Arnaldur Hjartarson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 3. september sl., en hafði fram til þess engin afskipti haft af meðferð þess.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, B, greiði stefnanda, A, 550.500 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 12. maí 2015 til 4. janúar 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda auk þess 800.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 12. maí 2015 til 4. janúar 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Vísað er frá dómi kröfu stefnanda um greiðslu sálfræðikostnaðar til framtíðar, þjáningabóta, bóta vegna varanlegs miska og bóta vegna varanlegrar örorku.

Stefndi greiði stefnanda 1.350.000 krónur í málskostnað.

Arnaldur Hjartarson.